



Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2018

Tilvísun ÞÍ: 2018031108/3.0

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurnot opinberra upplýsinga**

Þjóðskrá Íslands hefur kynnt sér efni frumvarps til laga um endurnot opinberra upplýsinga og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að opinberir aðilar skuli birta lista yfir gögn sem heimilt er að endurnota í miðlægrri gátt stjórnvalda fyrir opin gögn. Við lestur ákvæðisins vaknar sú spurning af hverju ekki er gengið skrefinu lengra og hreinlega kveðið á um að gögnin skuli birta í stað þess að kveða á um að birta skuli lista yfir gögnin. Séu gögn tiltekin á listanum má væntanlega ganga að því vísu að þau megi nálgast og endurnota, sbr. „*Opinberir aðilar geta ákveðið að gera upplýsingar í vörslum þeirra aðgengilegar til endurnota án þess að fyrir liggji sérstök beiðni að uppfylltum almennum skilyrðum 4. gr.*“. Þá þarf enga beiðni og enga afgreiðslu á beiðni. Því virðist birting listans vera auka þrep eða hindrun fyrir þann sem óskar eftir að nálgast gögnin og ekki til þess fallið að auka skilvirkni í stjórnsýslunni.

Í athugasemdum við 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er fjallað um hvernig staðið er að birtingu gagna opinberra aðila og er tekið fram að tilvísun til sameiginlegs vefsvæðis stjórnvalda um opin gögn sem nú er aðgengilegt á vefslóðinni <https://opingogn.is> myndi teljast uppfylla áskilnað ákvæðisins. Þjóðskrá Íslands telur að sterkar mætti kveða að orði í ákvæðinu sjálfu um skyldu til að birta listann og gögnin í miðlægrri gátt og telur mikilvægt að tryggja betur rekstrargrundvöll gáttarinnar „*Opin gögn*“ sem fjallað er um í inngangi frumvarpsins.

Með hliðsjón af því sem að ofan segir leggur Þjóðskrá Íslands til að 4. mgr.3. gr. verði breytt á þá leið að opinberum aðilum verði gert skylt að birta þau gögn í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota og að tiltekið verði að með miðlægrri gátt stjórnvalda fyrir opin gögn sé átt við miðlægt vefsvæði fyrir opin gögn á Ísland.is.

Í frumvarpinu verður vart við nokkurt ósamræmi varðandi hvort alltaf þurfi að senda inn beiðni til þess að mega endurnota gögn. Í 3. gr. segir „*Opinberir aðilar geta ákveðið að gera upplýsingar í vörslum þeirra aðgengilegar til endurnota án þess að fyrir liggji sérstök beiðni að uppfylltum almennum skilyrðum 4. gr.*“. Hér ætti ekki að vera þörf á að senda inn beiðni ef gögnin eru á [opingogn.is](https://opingogn.is) og sá sem ætlar að (endur)nota þau er sáttur við þá skilmála eða skilyrði sem þar koma fram.

Í 7. gr. segir hins vegar „*Sá sem vill nýta rétt sinn til endurnota opinberra upplýsinga*

*skv. 3. gr. skal beina beiðni þess efnis til þess opinbera aðila sem hefur þær í vörslum sínum eða ber lögum samkvæmt ábyrgð á færslu og vinnslu þeirra í skrá.*“ Hér virðist gert ráð fyrir að senda eigi inn beiðni, sem er alls ekki í takt við anda opinna gagna.

Mikilvægt er að tryggja að ekki sé verið að auka álag með því að senda stjórnvöldum beiðnir að óþörfu, með tilheyrandi kostnaði fyrir alla.

F.h. Þjóðskrár Íslands

  
Astríður Jóhannesdóttir  
Sviðsstjóri